



Nefndarálit forsætisnefndarinnar um

Þingmannatillögu um bætt samstarf Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekkert frekar varðandi þingmannatillögu A 1666/presidiet: Þingmannatillögu um bætt samstarf Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar.

Forsaga

Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík kynnti flokkahópur miðjumanna þingmannatillögu um umbótastarfið og fjárhagsáætlunarferlið sem þá stóð yfir. Forsætisnefndin ákvað að fela talsmönnum flokkahópanna um fjárhagsáætlunina að undirbúa tillöguna, enda fjallar hún að miklu leyti um forgangsröðun í fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar. Talsmenn flokkahópanna um fjárhagsáætlunina ræddu tillöguna á fundi sínum þann 18. apríl 2016. Tillagan var svohljóðandi:

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að eiga samstarf við Norðurlandaráð um að innleiða ferli til að samhæfa ákveðna þætti starfseminnar á skrifstofunum tveimur, með bætt samstarf, þjónustu og skilvirkni fyrir augum.

Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin eru þó tvær aðskildar stofnanir, bæði í pólitískum og lagalegum skilningi. Stofnanirnar tvær hafa mismunandi verkefni, starfa fyrir mismunandi vinnuveitendur og eru fjármagnaðar með mismunandi hætti. Til að styrkja samstarfið milli stofnananna deila þær þó húsnæði í Kaupmannahöfn, auk þess sem skrifstofuhaldi þeirra er sinnt sameiginlega á ýmsum sviðum; meðal annars mannauðssviði, fjármálasviði og samskiptasviði, auk húsvörslu og túlkadeildar. Vegna þess hve stofnanirnar hafa ólík verkefni telur skrifstofan ekki unnt að þær deili skrifstofuhaldi og starfsfólki í meira mæli en nú er.

Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Forsætisnefndin ræddi tillöguna með hliðsjón af sjónarmiðum talsmanna flokkahópanna um fjárhagsáætlunina. Forsætisnefndin taldi ekki ástæðu til að vinna áfram að tillögunni. Þó var hljómgrunnur fyrir því að fá yfirlit yfir þau svið sem skrifstofur Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar eiga samstarf um í dag, og jafnframt þau svið sem ekki er talið unnt að eiga samstarf um. Skrifstofunni var því falið að útbúa slíkan lista.

Með hliðsjón af framangreindu taldi forsætisnefndin, eins og talsmenn flokkahópanna um fjárhagsáætlun lögðu til, ekki ástæðu til að vinna áfram að tillögunni.

Ósló, 19. apríl 2016

Carl Haglund (sv)

Erkki Tuomioja (sd)

Hans Wallmark (M)

*Henrik Dam Kristensen (S) **forseti***

Höskuldur Þórhallsson (F)

Michael Tetzschner (H)

*Mikkel Dencker (DF) **varaforseti***

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir (A)

Penilla Gunther (KD)

Phia Andersson (S)

Sonja Mandt (A)

Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Wille Rydman (saml)

A 1666/presidiet

Afgreiðsla:

Forsætisnefndin

Málsnúmer: 15-00231-9